# Textílmennt 8. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir 8

## Skólaárið

2023 - 2024.

## Helstu námsþættir vetrarins

Lögð er áhersla á sköpun og hugmyndavinnu í 8. bekk þar sem nemendur eiga að hanna eigið textílverk út frá ákveðnu þema sem þeir velja sér. Farið verður yfir vinnubrögð hönnunar- og hugmyndavinnu ásamt upprifjun á ýmsum aðferðum. Nemendur eiga að nýta sér áunna þekkingu ásamt því að bæta við hana. Lagt er upp með að nemendur velji eina af eftirfarandi aðferðum í verkefni sínu; prjón, vélsaum, útsaum eða þæfingu. Kennsla fer fram með innlögn í upphafi hverrar lotu og notast verður við verklega-, sýni-, og einstaklingskennslu.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í fjórum lotum og fær hver nemandi eina kennslustund á viku, 60 mínútur í senn.

## Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

## Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Að vetri loknum fær hver og einn nemandi bókstaf.

## Námsgögn

Glærukynning, tölvur, bækur, blöð, leiðbeiningar, nálar, krítar, málband, skæri, títuprjónar, sníðapappír, efni og snið. Ásamt þeim áhöldum eða hráefni sem til falla við vinnuna.

AS Textílmennt 8. bekkur 2019 - 2024

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

AS Textílmennt 8. bekkur 2019 - 2024 - Lykilhæfni

- fer eftir fyrirmælum og leiðsögn
- er sjálfstæð/ur í vinnu
- leggur sig fram, tekur ábyrgð á eigin námi og nýtir tímann vel

AS Textílmennt 8. bekkur 2019 - 2024 - Handverk, aðferðir og tækni

- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða

AS Textílmennt 8. bekkur 2019 - 2024 - Sköpun, hönnun og útfærsla

- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu
- skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt